

Þriðjudaginn 22. júní 1920.

Nr. 14/1920.

**Sveinn Björnsson f. h. eigenda
og vátryggenda skipsins »Skandia«
og farms þess**

(Sveinn Björnsson)

gegn

hlutafjelaginu »Nirði«

(Eggert Claessen)

og

gagnsök

um upphæð björgunarlauna.

Dómur sjórjettar Reykjavíkur 8. jan. 1920:
Stefndur A. A. Hansen fyrir hönd eigenda og vátryggenda segl-
skipsins „Skandia“ frá Marstal og farms þess, er í því var 19.
mars 1918, greiði stefnandanum, h.f. Nirði, 95000 — níutíu og
fimm þúsund — krónur með 6% ársvöxtum frá 26. mars 1918
til greiðsludags, og staðfestist frammanfnd kyrsetningargjörð frá
8. apríl 1918 fyrir þeirri upphæð með vöxtum.

Málkostnaður falli niður.

Hið ídæmda greiðist innan þriggja sólarhringa frá lögbirt-
ingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Eftir skýrslum málsins og atvikum, sem rjett er
lýst í hinum áfrýjaða dómi, var »Skandia« í yfir-
vofandi hættu, hegar henni kom hjálp Njarðar, og
eigi annað sýnna, en að skipið hefði að öðrum
kosti rekið í land á hættulegum stað.

En samkvæmt ástæðum, sem greindar eru í
dómnum, og þegar enn fremur á það er litið, að
björgunin var í því fólgin, að »Skandia« var dregin
frá Portlandi til Vestmannaeyja í hægu veðri, að
drátturinn tók 4 klukkust. og tóf Njarðar alls út af
björguninni eigi meira en rúman $\frac{1}{2}$ sólarhring og

að hættan við björgunina reyndist engin vera fyrir björgunarmenn og fjármuni þeirra eða fyrir Njörð og farm hans, þykir mega ákveða björgunarlaunin og endurgjald fyrir dráttinn til Reykjavíkur 50000 — fimmtíu þúsund — krónur og ber að staðfesta sjórjettardóminn með þessari breytingu á upphæð björgunarlaunanna, og staðfestist kyrsetningargjörðin jafnframt fyrir þessari upphæð.

Upp í málskostnað fyrir hæstarjetti þykir stefndi eiga að greiða áfrýjanda 300 kr.

Því dæmist rjett vera:

Dómi sjórjettarins skal óraskað, þó svo að björgunarlaunin ákveðast 50000 krónur og kyrsetningargjörðin staðfestist fyrir þeirri upphæð.

Upp í málskostnað fyrir hæstarjetti greiði stefndi, h.f. Njörður, áfrýjanda, Sveini Björnsyni f. h. eigenda og vátryggenda skipsins »Skandia« og farms þess, 300 kr.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mál þetta er með stefnu útgefinni 9. apríl 1918 höfðað fyrir sjóðóminum af h.f. Nirði hjer í bænum gegn Albert Andersen-Hansen, skipstjóra á seglskipinu „Skandia“ frá Marstal, og hefir stefnandi krafist þess, að stefndur verði, fyrir hönd eigenda og vátryggenda tjeðs skips og farms þess, er í því var, er því var bjargað af botnvörpunum „Nirði“ 19. mars s. á., dæmdur til að greiða sjer kr. 185,000,00 í björgunarlaun með 6% árs vöxtum frá 20. mars s. á. til greiðsludags. Svo hefir stefnandi og krafist að framfylgt verði sem löglega gerð og framfylgt kyrsetningargjörð, er hann ljet fram fara 8. apríl s. á. á skipi

þessu og farmi þess til tryggingar björgunarlaunnum með vöxtum og kostnaði við hana og eftirfarandi málssókn, fjárnám og uppboð. Loks hefir stefnandi krafist málskostnaðar hjá stefndum eftir mati rjettarins.

Stefndur hefir af sinni hálfu mótmælt framanskráðum kröfum stefnanda og krafist þess að verða sýknaður algjörlega af þeim gegn því að hann greiði kr. 27,739,50 eða til vara kr. 29,806,77, hvorttveggja án vaxta. Svo krefst hann og þess, að stefnandi verði dæmdur til að greiða sjer málskostnað við kyrsetningargjörðina og málið sjálft að skaðlausu eða eftir mati rjettarins.

Málavextir eru þeir, að 19. mars 1818 kl. 6,30 síðdegis símaði sýslumaður Skaftafellssýslu frá Vík í Mýrdal sýslumanninum í Vestmannaeyjum, að þar fyrir utan væri seglskip, auðsjáanlega í nauðum statt, og sje auðsætt, að það vilji ná sambandi við land, en þaðan sje engrar hjálpar að vænta, því sjór sje ófær. Sje því nauðsynlegt að skip sje sent frá Vestmannaeyjum, ef þess sje kostur. Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum sendi þá út í botnvörpunginn „Njörð“, eign stefnanda, sem lá þar undir Eyjunum með fullan farm af ísfiski, ferðbúinn til að fara til Englands til að selja aflann, og bað skipstjórann að fara til hjálpar. Lofaði skipstjórinn því og að koma skipi þessu til Eyjanna ef hægt væri, gegn því að fá af verði skips og farms, sem lög frekast leyfðu. Fór Njörður frá Eyjunum kl. 9 um kvöldið. Um miðnætti var Njörður kominn að skipi því, er hann var að fara til að bjarga, og var það vestan við Portland á 24 faðma dýpi. Reyndist það að vera 3/m skonnert „Skandia“ frá Marstal. Hafði skip þetta farið hjeðan úr bænum 26. janúar 1918, hlaðið fiski til Barcelona, en hrept storma og fárveður, og var svo ástatt fyrir því, er „Njörður“ kom að því nóttina milli 19. og 20. mars s. á. sem hjer segir eftir skýrslu skipstjóra, stýrimanns og eins af hásetunum á „Nirði“ í sjórjetti Reykjavíkur 9. apríl 1918, að viðstöddum skipstjóranum á Skandíu og lögfræðislegum ráðunaut hans.

Skipið var á reki í áttina til lands c. 1—2 kvartmílur frá landi, er „Njörður“ kom að, en færðist nær landi meðan verið var að koma festum fyrir í því, og telur skipstjórinn að það muni hafa verið á 16—18 faðma dýpi, er „Njörður“ fór að draga það, en stýrimaðurinn, að sjer hafi virst það vera í mesta lagi rúma sjómílu frá landi og báðum og hásetanum kemur saman um, að sunðið milli Portlandsklettanna hafi sjest opið. Logn var eða

því sem næst, en suðvestansjór mikill. Á leiðinni til Vestmannaeyja, en þangað kom „Njörður“ með skipið kl. 6 árdegis 20 mars, var suðvestangola, en hvesti er þangað kom á sunnan og suð-austan og gerði mikið rok. Báðar framsigluir skipsins voru brotnar, klyverbóma og flestöll segl farin, öldustokkar og skjólborð beggjamegin brotið, bátur og alt lauslegt á dekki farið og sömu-leiðis akkerin, svo að eigi var hægt að leggja því, er til Vestmannaeyja kom, heldur varð að leggja því upp í sandinn við höfnina.

Fleka höfðu skipsmenn gert sjer til að reyna að bjargast á, ef skipið ræki á land og reyndu kl. 7 síðdegis 19. mars 1918 að að yfirgefa skipið á honum, eftir að ákveðið hafði verið í skipsráði áður um daginn að sigla skipinu á land til þess að bjarga skipshöfninni, en hann reyndist ónógur handa henni.

Í sjóferðaprófinu hjer í bænum 9. apríl 1918 lýstu hinir mættu af „Nirði“ því yfir. að þeir álitu, að með þeim sjó og vindi, sem var, mundi „Skandia“ hafa rekið á land á rúmri klukkustund, ef „Njörður“ hefði ekki komið, og í sjóferðaprófi, sem haldið var í Vestmannaeyjum 23. mars 1918 lýstu skipstjórninn, stýrimaðurinn og einn af hásetunum á „Skandia“ yfir því, að ef „Njörður“ hefði eigi bjargað „Skandia“, hefði það skip eigi komist fram hjá landinu í sunnanveðrinu 20. mars.

Þessari skoðun höfðu skipstjórninn og hásetinn á „Skandia“ breytt, er þeir komu fyrir sjórjett hjer í bænum 1. maí 1918, því þá halda þeir, að „Skandia“ hefði komist fram hjá landinu þótt „Njörður“ hefði ekki tekið hana, og þá neitaði skipstjórninn á „Skandia“ að hún hún hefði verið á reki, er „Njörður“ tók hana.

Frá Vestmannaeyjum dró botnvörpungurinn „Jón Forseti“ „Skandia“ til Reykjavíkur að tilhlutun stefnanda og á hans kostnað. Tók sú ferð „Jóns forseta“ að sögn stefnanda á 4. sólarhring en stefndur heldur því fram, að hún hafi ekki tekið nema rúman sólarhring.

Málspartana greinir á um það, í hve mikilli hættu „Skandia“ hafi verið, er „Njörður“ tók hana. Stefndandi heldur því fram, að skipið hefði hlotið að farast með öllu, ef „Njörður“ hefði ekki bjargað henni. Af hálfu stefnds er því hinsvegar haldið fram, að hún hafi í engri yfirvofandi hættu verið og mundi hafa komist af án hjálpar „Njardar“.

Sjórjetturinn verður nú að teja það nægilega upplýst í málinu, að „Skandia“ hafi verið í yfirvofandi hættu, er „Njörður“

tók hana, svo að hjer sje um einleiga björgun að ræða, þar sem öll líkindi sjeu til að skipið hefði farist, ef „Njörður“ hefði ekki bjargað því.

Pegar „Skandia“ var komin hingað til Reykjavíkur, gerði stefnandi kröfu til kr. 185,000,00 í björgunarlaun, og er hann fjekk þá upphæð eigi greidda eða tryggingu setta fyrir greiðslu hennar, lét hann 8. apríl 1914 leggja lögghald á skipið og farm þess til tryggingar heuni og höfðaði daginn eftir mál þetta.

Til ákvörðunar verðmætis hins bjargaða var 30. mars 1918 dómkvaddir að tilhlutun skipstjórans á „Skandia“ 2 menn til þess að meta skipið, og aðrir 2 menn til þess að meta farminn.

Skipið í fullfæru standi mátu hinir dómkvöddu

menn á kr. 125,000,00

Viðgerð á því mátu þeir — 77,145,00

og því skipið eins og því var bjargað á . . . kr. 47,855,00

Farminn, eins og hann var við björgunina,

mátu hinir dómkvöddu menn á — 230,000,00

Verðmætið því samtals kr. 277,855,00

Að tilhlutun stefnanda voru dómkvaddir 17. júní s. á. 4 menn til að gera yfirmat á skipinu, og aðrir 4 menn til að gera yfirmat á fiskinum.

Mátu þeir skipið í fullfæru standi á kr. 130,000,00

Viðgerðarkostnað á því — 82,455,00

og skipið eins og því var bjargað á kr. 47,545,00

Fiskinn, eins og honum var bjargað, mátu yfirmatsmennirnir á — 250,622,65

Verðmætið samtals á kr. 298,167,65

Málspartarnir hafa nú gert ýmsar athuganir við mót þessi, stefnanda þykir þau of lág en stefndum of há. Skjölin bera það heldur eigi með sjer, að mótpartinum hafi verið gefinn kostur á að vera við þau og gæta hagsmuna sinna.

Þar sem sjórjetturinn finnur ekki nauðsyn til að ákveða björgunarlaunin ákveðna hundradstölu af andvirði hins bjargaða, sjer hann ekki ástæðu til að víkja nánar að þessum athugasemdum, og álitur nægilegar upplýsingar um verðmætið liggja fyrir í matsgjörðunum til hliðsjónar við ákvörðun björgunarlaunanna.

Pegar lítið er til þess á aðra hliðana, að sjórjetturinn telur „Skandia“ hafa verið í yfirvofandi hættu, er björgunin fór fram, að „Njörður“ átti á hættu að spilla farmi sínum við

björgunartilraunina og til verðmætis hins bjargaða, en á hina hliðina til þess, að björgunin var ekki neinum sjerlegum erfiðleikum bundin, eða björgunarskipinu eða áhöfn þess stofnað í sérlega hættu, þykir sjóréttinum björgunarlaunin hæfilega ákveðin 95000 krónur. Að því er snertir vexti af upphæðinni, er stefnandi gjörir kröfu til að fá til dæmda frá 20. mars 1918, þá átti hann ekki kröfu til björgunarlaunnanna fyrri en björguninni var lokið, en eftir réttarskjali nr. 20, sem stefnandi hefur sjálfur lagt fram, var björguninni ekki lokið fyrri en 26. s. m. Ber því eigi að greiða vexti af upphæðinni fyrri en frá þeim degi.

Eftir framanskráðu ber að dæma stefndan til að greiða stefnanda 95000 krónur með 6% ársvöxtum frá 26. mars 1918 til greiðsludags og verður þá að staðfesta kyrsetningargjörðina frá 8. apríl 1918 fyrir þeirri upphæð.

Málkostnaður þykir eftir öllum atvikum rjett að falli niður.

Priðjudaginn 22. júní 1920.

Nr. 10/1920.

Rjettvísín

(Lárus Fjeldsted)

gegn

Sigurði Magnússyni

(Sveinn Björnsson),

sem ákærður er fyrir brot á 143. gr. hegningarlaganna.

Dómur aukarjettar Barðastrandarsýslu 5. des. 1918: Hinir stefndu fræðslunefndarmenn Rauðasandshrepps, Sveinn Magnússon Lambavatni, Guðmundur Sigfreðsson Króki og Þórður Ó. Thorlacius Bakka, ídæmast fyrir brot á 145. gr. sbr. 143. gr. hegningarlaganna í 50,00 króna sekt til landsjóðs hver þeirra; sje sektin ekki greidd, sæti þeir hver um sig 20 daga einföldu fangelsi. Læknir Sigurður Magnússon Patreksfirði ídæmist fyrir brot á 143. gr. hegningarlaganna 75,00 króna sekt til landsjóðs, sæti ella 25 daga einföldu fangelsi, sje sektin